

Starfsreglur

fyrir Alþjóðlega miðstöð tungumála og menningar “VIGDÍS INTERNATIONAL CENTRE FOR MULTILINGUALISM AND INTERCULTURAL UNDERSTANDING”

1. gr.

Almennt.

Alþjóðleg miðstöð tungumála og menningar (hér eftir miðstöð) er þekkingar- og fræðslumiðstöð sem heyrir undir og er hluti af Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum. Miðstöðin er starfrækt af Háskóla Íslands innan Hugvísindastofnunar og sett á fót á grundvelli 5. mgr. 4. gr. reglna um Hugvísindastofnun Háskóla Íslands nr. 1022/2009, 3. tölul. 4. mgr. 27. gr. reglna Háskóla Íslands nr. 569/2009 og 3. mgr. 11. gr. laga um opinbera háskóla nr. 85/2008.

2. gr.

Tilgangur og markmið.

Miðstöðin er þverfaglegur vettvangur fyrir miðlun þekkingar á sviði menningar, bókmennta, tungumála, málræktar, málstefnu og fjölmennningar. Henni er ætlað að stuðla að samstarfi við stofnanir og einstaklinga um víða veröld, með áherslu á samstarf norðurs og suðurs. Miðstöðin styður við framgang markmiða UNESCO um fjölyngi og margbreytileika tungumála og leggur sitt af mörkum með þátttöku í stefnumótun, þekkingarleit og menntun á sviðum tungumála og menningar.

Markmið miðstöðvarinnar eru að:

- a) stuðla að fjölyngi til að auka skilning, samskipti og virðingu milli menningarheima og þjóða;
- b) auka vitund um mikilvægi tungumála sem grunnþátt í menningararfleifð mannkyns;
- c) leggja sitt af mörkum til varðveislu tungumála;
- d) sinna hlutverki miðlunarstöðvar á sviði fjölyngis og fjölbreytni tungumála fyrir ákvarðandi aðila, sérfræðinga og almenning;
- e) stuðla að þýðingum og þýðingafræðum með það fyrir augum að auka virðingu fyrir og ánægju af menningarlegri fjölbreytni og þvermenningarlegum skilningi;
- f) leggja sitt af mörkum til vöktunar á framkvæmd málstefnu og málstýringar á sviði móðurmála með fjölyngi að leiðarljósi;
- g) stuðla að rannsóknum og menntun á erlendum tungumálum og menningu;
- h) styðja rannsóknir á móðurmálum sem hluta af almennum mannréttindum;
- i) stuðla að athugunum, greiningum og tölfræðisamantektum á þýðingafleði.

3. gr.

Hlutverk.

Hlutverk miðstöðvarinnar er að:

- a) vinna að og hvetja til varðveislu tungumála með því að viðhalda og styðja stafræn gagnasöfn fyrir tungumál heims;

- b) styðja lífgun tungumála og skapa „tungumálasafn“ – sambland af raunverulegu safni og sýndarveruleikasafni með sýningum sem hægt er að njóta á staðnum og á netinu;
- c) stuðla að og miðla rannsóknum um tungumál og menningu sem þætti í menningararfleifð mannkyns með því að styðja rannsóknarstöður fyrir framúrskarandi fræðimenn, meðal annars frá þróunarlöndum;
- d) bjóða upp á vettvang og aðstöðu fyrir doktorsnema og fræðimenn erlendis frá, einkum frá þróunarlöndum;
- e) móta og miðla um allan heim áætlunum og aðferðum til að styðja tungumál í útrýmingarhættu og þjóðtungur með rannsóknaverkefnum, ráðstefnum og útgáfu;
- f) styðja framúrskarandi rannsóknir á sviði málstefnu og málpólítíkur;
- g) útvega aðstöðu og sérfræðiþekkingu fyrir rannsóknaverkefni og miðla niðurstöðum með sérstöku tilliti til markmiða miðstöðvarinnar;
- h) sýna hvernig viðhorf til móðurmálsins og skýr málstefna geti aukið læsi og menntun fyrir tilstilli rannsóknaverkefna og þekkingarmiðlunar;
- i) þróa alþjóðlegan umræðuvettvang;
- j) vinna með öllum viðeigandi UNESCO verkefnum, einkum á sviði vöktunar á þýðingafleði, eins og Index Translationum (Alþjóðlega þýðingaskráin).

4. gr.

Aðstaða.

Háskóli Íslands lætur miðstöðinni í té starfsaðstöðu, svo sem húsnæði og búnað eftir því sem kostur er.

Miðstöðin veitir starfsliði sínu aðstöðu og nauðsynlegan búnað til starfseminnar eftir því sem unnt er.

5. gr.

Stjórn.

Forseti Hugvísindasviðs skipar miðstöðinni sex manna stjórn til þriggja ára. Einn stjórnarmanna skal tilnefndur af mennta- og menningarmálaráðherra, einn tilnefndur af aðalframkvæmdarstjóra Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO), einn tilnefndur af íslensku UNESCO-nefndinni og þrír tilnefndir af stjórn Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum fyrir hönd Háskóla Íslands og skal einn þeirra þriggja vera formaður. Í samræmi við 3. og 5. gr. samnings milli ríkisstjórnar Íslands og UNESCO geta fulltrúar allt að þriggja annarra aðildarríkja UNESCO, sem sent hafa Alþjóðlegu miðstöðinni tilkynningu um aðild, átt sæti í stjórninni. Framkvæmdastjóri miðstöðvarinnar tekur þátt í störfum stjórnar án atkvæðisréttar.

Í stjórn skulu sitja bæði karlar og konur og skal þess gætt að hlutfall hvors kyns sé ekki minna en 40%, sbr. 15. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Stjórn er heimilt að skipa þriggja manna framkvæmdastjórn úr sínum hópi sem vinnur að málefnum miðstöðvarinnar í umboði stjórnar. Hlutverk og umboð framkvæmdastjórnar skal skilgreind í erindisbréfi sem stjórn gefur út. Formaður stjórnar skal jafnframt vera formaður framkvæmdastjórnar.

6. gr.

Stjórnarfundir.

Formaður stjórnar boðar stjórnarfundir bréflaga, eða í tölvupósti, með fjögurra vikna fyrirvara. Fundir framkvæmdastjórnar skal boða með a.m.k. þriggja virkra daga fyrirvara.

Í fundarboði skal greint frá dagskrá fundar.

Stjórn fundar a.m.k. einu sinni á ári. Skýlt er að boða stjórnarfund óski þrír eða fleiri stjórnarmenn þess. Sama gildir ef forseti fræðasviðs eða rektor ber fram slíka ósk og hefur þá hann, eða sá sem sækir fund í umboði hans, málfrelsi og tillögurétt á fundinum.

Falli atkvæði jöfn á stjórnarfundum ræður atkvæði formanns eða þess sem gegnir formannsstörfum.

Halda skal gerðabók stjórnar og skulu staðfestar fundargerðir færðar í hana. Afrit fundargerða skulu send forseta Hugvísindasviðs.

Framkvæmdastjóri miðstöðvarinnar situr fundi stjórnar og framkvæmdastjórnar með málfrelsi og tillögurétt en án atkvæðisréttar.

Fundir framkvæmdastjórnar eru haldnir eftir þörfum og haldin gerðabók. Afrit fundargerða skal send til stjórnar Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur.

7. gr.

Verkefni stjórnar.

Stjórnin tekur allar stefnumarkandi ákvarðanir fyrir miðstöðina og ber ábyrgð á fjármálum hennar gagnvart stjórn Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur og þannig stjórn Hugvísindastofnunar og forseta Hugvísindasviðs. Stjórnin sér um að hlutverki miðstöðvarinnar sé framfylgt, ákveður stefnu hennar, veitir fé til einstakra verkefna og samþykkir rekstrar- og fjárhagsáætlun og ársskýrslu. Stjórnin sker úr um vafaatriði sem upp kunna að koma og varða innri starfsemi miðstöðvarinnar.

Stjórn setur sér nánari starfsreglur um starfshætti sína. Sama á við um framkvæmdastjórn.

8. gr.

Framkvæmdastjóri og starfslið.

Forseti Hugvísindasviðs, ræður miðstöðinni framkvæmdastjóra að fenginni tillögu formanns stjórnar miðstöðvarinnar og setur honum starfslýsingu. Skal sá sem ráðinn er framkvæmdastjóri hafa meistara- eða doktorsgráðu eða annað sambærilegt háskólapróf.

Framkvæmdastjóri kemur fram fyrir hönd miðstöðvarinnar, annast daglegan rekstur hennar, sér um áætlanagerð og fjáröflun og samræmir fjáröflunarleiðir. Framkvæmdastjóri sér enn fremur um framkvæmd á öðrum þeim málum, sem stjórn og eftir atvikum framkvæmdastjórn fela honum.

Um ráðningu annars starfsfólks fer eftir ákvæðum sameiginlegra reglna fyrir Háskóla Íslands. Ef um er að ræða ráðningu í starf, og ekki er gert ráð fyrir því starfsheiti í reglunum, fer stjórn miðstöðvarinnar eða framkvæmdastjóri í umboði hennar með ráðningarmálið.

9. gr.

Fjármál og samningagerð.

Tekjur miðstöðvarinnar eru eftirfarandi:

- a) framlag frá Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur samkvæmt ákvörðun stjórnar Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur,
- b) framlög vegna samstarfs við aðila innan og utan Háskóla Íslands,
- c) styrkir til einstakra verkefna,
- d) greiðslur fyrir þjónustustarfsemi,

- e) tekjur af útgáfustarfsemi,
- f) aðrar tekjur, t.d. gjafir og framlag úr ríkissjóði eftir því sem kveðið er á um í fjárlögum.

Reikningshald miðstöðvarinnar skal vera hluti af reikningshaldi háskólans. Fjárhagsáætlun skal lögð fyrir stjórn Stofnunnar Vigdísar Finnbogadóttur og forseta Hugvísindasviðs til samþykktar.

Ef um er að ræða útselda þjónustu, sem veitt er í samkeppni við einkaaðila, skal sú starfsemi fjárhagslega afmörkuð frá öðrum rekstri miðstöðvarinnar og þess gætt að sá rekstur sé ekki niðurgreiddur með öðrum tekjum, í samræmi við ákvæði samkeppnislaga.

Formaður stjórnar eða framkvæmdastjóri undirrita samninga fyrir hönd miðstöðvarinnar í umboði stjórnar og háskólarektors að höfðu samráði við stjórn Stofnunnar Vigdísar Finnbogadóttur og forseta Hugvísindasviðs. Hafi samningur í för með sér veruleg fjárútlát eða skuldbindingu til langs tíma skal rektor staðfesta hann.

10. gr.
Gildistaka ofl.

Starfsreglur þessar, sem stjórn Stofnunnar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum hefur sett að fengnu samþykki stjórnar Hugvísindasviðs sbr. 4. gr. reglna um Hugvísindastofnun Háskóla Íslands nr.1022/2009 taka gildi 28. nóvember 2012 með breytingum frá 28. maí 2018.

Starfsreglur þessar byggja á samningi á milli ríkisstjórnar Íslands og Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO), um að stofna í Reykjavík (Íslandi) „Alþjóðlega miðstöð tungumála og menningar“ sem stofnun í flokki 2 undir forsjá UNESCO.